

Íslenskur iðnaður

SI

5. tbl. 12. árg

Samtök iðnaðarins

Maí 2006

„Evra verði tekin upp náist verðbólga ekki niður“

segir framkvæmdastjóri SA

Á vel sóttum ráðgjafaráðsfundi, sem Samtök iðnaðarins héldu fyrir skömmu, var fjallað um Evrópumál og spurt hvort tímabært sé fyrir Ísland að taka upp evru og/eða ganga í ESB. Að loknum framsöguerindum fóru fram málefnalegar umræður í pallborði með fyrirspurnum úr sal.

Fjórir fluttu framsögu: Vilhjálmur Egilsson, frkvstj. SA, Baldur Þórhallsson, dósent HÍ, Guðmundur Hálfðánarson, prófessor HÍ og Þórarinn G. Pétursson, hagfræðingur hjá Seðlabanka Íslands. Að loknum fundi stýrði Eiríkur Bergmann Einarsson, dósent Viðskiptaháskólanum Bifröst pallborði.

Meðal gesta á fundinum voru Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðarráðherra og Jón Sigurðsson, fyrrverandi iðnaðarráðherra og bankastjóri.

Íslenska krónan er of veik

Formaður Samtaka iðnaðarins, Helgi Magnússon, taldi að staðan í efnahagsmálum gæfi ástæðu til að halda sérstakan ráðgjafaráðsfund um Evrópumálin nú. Hann nefndi að þær raddir verði sífellt háværi sem segja að íslenska krónan sé of veikt myntkerfi til að nýtast okkur til frambúðar. Iðnaðarráðherra væri meðal þeirra sem hefði nefnt að við ættum hugsanlega að leggja af krónuna og taka upp evru.

Helgi varpaði síðan nokkrum spurning-

um til fundarins: „Hvað er þá til ráða? Ætlum við að taka upp evru? Ætlum við að bíða af okkur hretið í efnahagsmálum og halda síðan áfram á sömu braut?“

Helgi nefndi að staða íslensku krónunnar á undanförunum mánuðum og missirum hefði verið bráðavandi sem engar skyndilausnir væru til á, upptaka evru eða innganga í ESB væri engin skyndilausn í þessu sambandi.

Í lokin sagði Helgi að brýnt væri að Íslendingar tækju þessa umræðu af yfirvegum og ýttu frá sér flokkadráttum, sleggjudómum og sérhagsmunum eins og ferkast væri unnt - en létu framtíðarhagsmunum í þessu stóra máli ráða afstöðu sinni.

Nánar á bls. 4 og 5



Helgi Magnússon, formaður SI, Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra, Vilhjálmur Egilsson framkvæmdastjóri SA

Í ræðu sinni vitnaði Guðmundur Hálfðánarson prófessor í 14 ára gömul ummæli Steingríms Hermannssonar til að sýna hve breytingar geri lítið boð á undan sér:

„Ég held að allir geti t.d. viðurkennt að hið örsmáa íslenska þjóðfélag er í gífurlega miklu meiri hættu fyrir ýmiss konar yfirtöku en hin risastóru þjóðfélög Evrópu. Ég held að það óttist ekki nokkur maður að jafnvel stærstu íslensku fyrirtækin leggi undir sig einhvern atvinnurekstur í Evrópu, ég held það óttist enginn og kemur sjálfsgagt aldrei til greina. En jafnvel þótt Hagkaup og Bónus sameinist þá munar stóru hringana í Evrópu ekkert um að gleypa þá á einni nóttu og þarf jafnvel ekki nóttina til, þeir geta gert það með kvöldverðinum. Hvað halda menn t.d. að stóru þýsku bankana muni um það að yfirtaka íslensku bankana? Hvað halda menn að þá muni um það? Ég veit það dettur engum í hug að íslenskur banki geti náð slíkum tókum í Evrópu að hann verði þar ráðandi.“

Steingrímur Hermannsson, á Alþingi 24. ágúst 1992

bls. 2

Sundabrautar-samráð

bls. 3

Forgangsröðun framkvæmda

bls. 4



Evrópumálin í brennidepli

bls. 10

Mikilvægi nýsköpunar og tækniþróunar fer sívaxandi

bls. 18

Tillögur um nýtt fyrirkomulag vinnustaðakennslu

Sundabrautarsamráð



Samráð er eitt þessara orða sem hafa gjaldfallið í seinni tíð. Þar koma fyrst upp í hugann óprúttir einstaklingar og fyrirtæki sem hafa miskunnarlaust misnotað markaðsráðandi stöðu sína. Öll þjóðin fordæmir samráð um að níðast á neytendum og viðskiptavinum.

Niðurstaðan ákveðin fyrirfram

En eðlilegt og nauðsynlegt samráð á öðrum sviðum hefur einnig beðið hnekki í seinni tíð. Samráð, þar sem almenningi og fyrirtækjum er kynnt tiltekin niðurstaða sem ekki má breyta og varla heldur ræða, er hreinasta öfugmæli. Samráð af því tagi var viðhaft á frægum kynningarfundum þar sem íbúum höfuðborgarsvæðisins var kynnt fyrirhuguð lega Sundabrautarinnar. Sundabrautarsamráð fer þannig fram að boðað er til fundar til að kynna eina óhagganlega niðurstöðu stjórn mála- og embættismanna.

Lá við uppþoti

Á umræddum fundi var fólk sem sá fram á skipulagslegar ófarir á borð við þunga umferð í íbúðahverfum og margra metra háa moldarþingi fyrir utan stofugluggann. Þarna voru einnig forráðamenn fyrirtækja sem sáu að búið var að teikna hraðbraut yfir lóðir og mannvirki í þeirra eigu. Það lá við uppþoti á þessum fundi sem endaði með því að stjórn mála- og embættismennirnir bentu hver á annan og lögðu síðan á flóttu. Óvænt niðurstaða varð sú að skoða þyrfti málin betur en enginn veit enn hvað út úr þeirri skoðun kemur. Vonandi gefst þó tími til að tala við þá sem málið varðar í næstu umferð.

Hvaðan koma lögin og reglurnar?

Nú kann einhver að halda að alþingismenn séu okkar helstu lagasmiðir en það er almennt ekki svo. Að vísu eiga sumir þingmenn sér einhver áhugamál og flytja frumvörp um hnefaleika, löggæslukostnað á skemmtunum eða bann við andaveiðum en reglan er sú að frumvörp einstakra þingmanna fást nánast aldrei

afgreidd á Alþingi, að minnsta kosti ekki þau sem einhverju máli skipta.

Þau frumvörp, sem á annað borð koma til afgreiðslu á Alþingi, eru langoftast samin í ráðuneytum að frumkvæði einstakra ráðherra eða samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar. Sumt kemur reyndar frá Brussel og þá er helst spurning hvernig hefur tekist til við þýðinguna eða hvort embættismenn í viðkomandi ráðuneyti hafi laumað inn einhverjum áhugamálum sínum eða ráðherrans. Nokkuð algengt er að frumvörp verði til í nefndum á vegum ráðuneyta þar sem ráðherrar raða inn starfsmönnum eigin ráðuneytis, flokksbræðrum og öðrum sem treystandi er til góðra verka.

Frumvörpin fæðast fullsköpuð

Löggjafarsamkoman, sem á að afgreiða frumvörpin, kemur þarna hvergi nærri. Mál eru ekki til umfjöllunar þar á bæ fyrr en þau birtast í frumvarpsformi í þingflokkum stjórnarflokka. Þeir sem mestra hagsmuna eiga að gæta úti í samfélaginu sitja ekki við það borð. Þegar þingflokkar stjórnarflokka hafa afgreitt málin er hins vegar ekki til þess ætlast að þau taki miklum breytingum í meðförum Alþingis og þaðan af síður að hlustað sé á eitthvert nöldur utan úr bæ.


Hlutverk þingnefnda

Vart finnast dæmi um að nefndir Alþingis hafi frumkvæði að því að semja lagafrumvörp sem varða starfsskipti atvinnulífsins enda hafa fæstir nefndarmenn nokkurn tíma sýnt því áhuga að kynna sér tillögur um úrbætur í þeim efnunum. Hlutverk nefnda virðist vera að lesa yfir og afgreiða frumvörp sem koma fullbúin úr ráðuneytum.

Umsagnir um lagafrumvörp hunsaðar

Samráðið þingnefnda við hagsmunaaðila í þjóðfélaginu, sem fer fram með skriflegum umsögnum og fundum í nefndum Alþingis er með þeim hætti að oftast er ekki virðist fyrirfram ákveðið að hunsaðar slíkar umsagnir jafnvel þó að þær séu vandaðar, vel rökstuddar og fjöldi umsagna sé á eina lund. Tilgangurinn virðist sá einn að geta fært til bókar að haft hafi verið samráð við hagsmunaaðila.

Í hinu opna og lýðræðislega samfélagi okkar þar sem sagt er að allir þekki alla og allir hafi aðgang að stjórn mála- og embættismönnum er raunar stórmerkilegt að Sundabrautarsamráðið skuli vera jafn ríkjandi og raun ber vitni í samskiptum opinberra aðila við almenning og fyrirtæki.



Forgangsröðun framkvæmda



Á Samgönguþingi, sem haldið var á Selfossi 5. apríl sl., var fjallað um drög að Samgönguáætlun fyrir árin 2007 til 2018. Í ræðu sem Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri SI, flutti við það til efni, sagði hann meðal annars:

„Við hjá Samtökum iðnaðarins höfum um langt skeið haft mjög ákveðnar skoðanir á forgangsröðun verkefna á þessu sviði og talið að arðsemi eigi að ráða mestu um forgangsröðun framkvæmda. Lög um samgönguáætlun eru einnig mjög skýr. Þar er lögð áhersla á að fjármunir ríkisins eigi að nýtast sem best. En þótt lagabókstafurinn sé skýr hefur okkur stundum þótt skorta á að framkvæmdin hafi verið á sömu lund.“

Fjarlægðarvernd úr sögunni

Sveinn sagði að íslenskt atvinnulíf nyti ekki lengur sömu fjarlægðarverndar og áður. Fyrir skömmu nutu greinar á borð við byggingariðnað og fiskverkun fjarlægðarverndar; nú eru þeir tímar liðnir og erlend samkeppni er á öllum sviðum. Það eru einmitt góðar samgöngur og öflug samgöngutæki sem gera kleift að flytja hráefni og fullunnar vörur heims-

horna á milli. Hnattvæðingin leggur auknar kröfur á íslenskt atvinnulíf um samkeppnishæfni og þar með fylgir aftur krafa um enn frekari úrbætur í samgöngumálum.

300.000 ráðgjafar

Samgönguráðherra sagðist á Samgönguþingi hafa 300.000 ráðgjafa í samgöngumálum. Hann og hans fólk þurfa að koma upp matskerfi eða reiknilíkani sem tekur tillit til þeirra þátta sem máli skipta bæði hlutlægra og huglægra. Það á að vera kjölfestan í samgönguáætlun. Þá verður umræðan um þennan málaflokk vonandi vitrænni og friðsamlegri en oft hefur verið.

Forgangsröðun byggð á reiknilíkani

Í drögum að Samgönguáætlun kemur fram að verið er að skoða aðferðir nágrannabjóða við forgangsröðun framkvæmda og að því er stefnt að byggja hér upp líkön til að nota við forgangsröðun og mat á hagkvæmni í rekstri og uppbyggingu. Sveinn tók undir að þetta væri það sem gera þyrfti. Það væri hægt að setja verðmiða á byggðasjónarmið,

ferðatíma, kostnað af slysum og jafnvel þau mannréttindi að búa við almennilegar samgöngur. Það ætti ekki að forgangsraða framkvæmdum einungis eftir umferðarpunga. Hins vegar ætti ekki að láta heilbrigða skynsemi lönd og leið þegar kemur að byggðasjónarmiðum.

Gagnsæjar forsendur ákvarðana

Sveinn sagðist ekki telja að arðsemisútreikningar einir ættu að ráða forgangsröðun framkvæmda: „Það er alvöru pólitískt verkefni að ákvarða vægi einstakra þátta hvað varðar forgangsröðun verkefna. Hversu mikið vægi á að setja á slysavarnir? Því meira vægi, þeim mun ofar í forgangsröðinni verður að fjarlægja slysaáhrifur á borð við einbreiðar brýr. Er þjóðin reiðubúin að leggja eina, tvær eða þrjár milljónir á hvern íbúa á tilteknu svæði sem framlag til byggðamála til þess að jarðgöng milli staðanna A og B verði að veruleika? Er framkvæmdin þá orðin svo arðbær að rétt sé að ráðast í hana á undan öðrum verkefnum?“ Það sé hægt að byggja pólitískar ákvarðanir á slíkum gegnsæjum og skýrum forsendum.

Norræna

nýsköpunarmiðstöðin

(Nordic Innovation Centre) kynnr nýtt áherslusvið sem er Umhverfistækni.

Til umráða eru 10 M NOK sem verður varið í fjögur til sex verkefni. Umsækjendur skulu senda inn stuttar verkefnislýsingar fyrir 16. júní og völdum aðilum verður boðið að senda fullgerðar umsóknir nokkrum vikum síðar.

Óskað er eftir umsóknum frá fyrirtækjum, rannsóknaraðilum, stjórnvöldum eða öðrum um verkefnishugmyndir sem miða að því að styrkja nýsköpun, þróun, notkun og útflutning á umhverfistækni.

Sjá nánar á vefsetri Nordic Innovation Centre.

Bryndís Skúladóttir

Evrópumálin í brennidepli

framhald af forsíðu



Á vel sóttum ráðgjafaráðsfundi, sem Samtök iðnaðarins héldu fyrir skömmu, var fjallað um Evrópumál, og spurt hvort tímabært sé fyrir Ísland að taka upp evru og/eða að ganga í ESB. Að loknum framsögu-erindum fóru fram málefnalegar umræður í pallborði með fyrirspurnum úr sal.

Vilhjálmur Egilsson
framkvæmdastjóri SA



Sölupunkta hefur skort

„Okkur hefur skort sölupunktana til að taka upp evru“ sagði Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins í erindi sínu. Pólitískur, efnahagslegur og lýðræðislegur ávinningur af því að ganga í ESB taldi hann að hefði hingað til ekki verið til staðar. Nú væru hins vegar blikur á lofti, sérstaklega á efnahagssviðinu. Verðbólgan væri að vaxa og ekki óraunhæft að búast við því að hún gæti farið upp í 10% á tilteknu tímabili með ófyrirsjáanlegum áhrifum fyrir atvinnulífið.

Vilhjálmur benti á að ekki væri hægt að fullyrða ótvírætt hvort Ísland væri betur sett innan ESB en utan þess:

„Meðan krónan er við lýði þarf að gera allt sem hægt er til að styrkja efnahagslífið. Það yrði lítil reisin að fara inn í ESB vegna lélegs gjaldmiðils heima fyrir.“

Staða sjávarútvegsins verður sérstakt úrlausnarefni varðandi upptöku evru og aðild að ESB. Vilhjálmur nefndi nokkur

atriði sem margir fulltrúar sjávarútvegs hafa talið, með réttu eða röngu, þránd í götu. Íslendingar þyrftu að gefa eftir umræð með fiskistofnum, laga sig að tæknilegu regluverki ESB í sjávarútvegs- málum og heimila erlendar fjárfestingar í greininni.

Vilhjálmur taldi að verðstöðugleiki væri helsta ástæðan fyrir því að Ísland sækti um aðild að ESB.

„Ef menn sjá ESB aðild sem forsendu fyrir stöðugleika þá er orðið raunhæft að sækja um aðild,“ sagði Vilhjálmur. „Ef við náum ekki verðbólgu niður árið 2007 þá er upptaka evru og aðild að ESB raunverulegt spor til að styrkja íslenskt efnahagslíf.“

Baldur Þórhallsson
dósent í
stjórn málafræði við HÍ



Varnarmál og ESB

Varnarmál og áhrif þeirra á ESB umræðu voru kjarnin í erindi Baldurs Þórhalls-sonar. Hann spurði hvort brottför varnar- liðsins hefði haft áhrif á ESB umræðuna og hvaða kostir væru í stöðunni.

„Varnarsamningurinn fól í sér öryggi, stöðugleika og virðingu okkar á alþjóðavettvangi. Jafnframt veitti aðildin að NATO okkur aðgang að Evrópu á vissan hátt. Við vorum þátttakendur í mótun varnarmál Evrópu. Nú eigum við ekki sæti við ákvarðanatökuborðið.“ Í Evrópu hefði átt sér stað vaxandi samvinna í öryggis- og varnarmálum sem sneri m.a. að viðbrögðum við hryðjuverkaógn. Baldur taldi að náin tengsl við bandaríska varnar- og öryggisstefnu hefðu hamlað því að við héldum árvekni í Evrópusamskiptum. Nú væri gjörbreyting á þessum tengslum. Slíkt hlýti að vera verulegt áhyggjuefni fyrir íslensk stjórnvöld.

„Það er búið að kasta okkur úr húsi hjá Bandaríkjamönnum,“ sagði Baldur. „Ákvörðun um viðbrögð við hinni nýju ógn er tekin í ESB. Þar erum við ekki.“

Þjóðernishyggi og ESB

Guðmundur Hálfðánarson ræddi um hvernig þjóðernishyggi og Evrópumál blönduðust með eftirtektarverðum hætti hér á landi. „Við stofnuðum nútímalegt lýðveldi 1944 á grunni danskrar stjórnarskrár frá miðri 19. öld. Í raun taldi þjóðin að með þessu hefði hið forna þjóðveldi verið endurreist í nýjum búningi.“ Þessi þversögn, hefur að mati Guðmund-

Guðmundur Hálfðánarson
prófessor í sagnfræði
við HÍ



ar, litað pólitíska umræðu fram á þennan dag. Fyrir vikið væru hátíðarræður stjórnmalamanna í mótsögn við veruleikann. M.a. verði fullveldið ekki látið af hendi.

„Í reynd hafa Íslendingar látið fullveldið af hendi," segir Guðmundur, „menn- ingarlega, efnahagslega og hernaðar- lega; t.d. árið 1953 með hvernd Ís- lands og 1993 með EES, sem er meira fullveldisafsal en innganga í ESB væri."

Þórarinn G. Pétursson
hagfræðingur
Seðlabanka Íslands



Kostir og gallar evruupptöku

Þórarinn G. Pétursson, hagfræðingur Seðlabanka Íslands, fór ýtarlega yfir mögulega kosti og galla upptöku evru á Íslandi.

Meðal kosti sá hann fyrir sér að sameiginlegur gjaldmiðil geti stuðlað að auknum viðskiptum og aukinni skilvirkni í hagkerfinu. Eftir því sem fleiri nota gjaldmiðli verði hann hagkvæmari. Eins myndi sameiginlegur gjaldmiðill minnka viðskiptakostnað. Þórarinn benti á að nafngengissveiflur gagnvart evru hyrfu með upptöku evru þótt raungengis- sveiflur yrðu samt áfram. Sameiginlegur gjaldmiðill drægi úr áhættuálagi og eins myndi sameiginlegur gjaldmiðill auka gagnsæi í almennum viðskiptum. Stór ávinningur af upptöku evru væri aukinn aðgangur að stærri og dýpri fjármála- mörkuðum og auknum utanríkisviðskiptum.

Meðal helstu galla við upptöku evru nefndi Þórarinn að hagsveiflur hér á landi gætu orðið dýpri en nú er. Þetta fullyrti hann í ljósi þess að hagsveiflur hér á landi væru yfirleitt í öfugum takti við þær á meginlandinu. „Ísland er gjarnan í uppsveiflu þegar ESB er í niðursveiflu." Þó nefndi hann að sveigjanlegur vinnu- markaður gæti að einhverju leyti komið í staða sjálfstæðrar peningastefnu.

Ingi Bogi Bogason

Í pallborði sátu frummælendur, Guðmundur, Baldur og Þórarinn, ásamt stjórnandanum Eiríki Bergmann, og svöruðu spurningum úr sal.

Andrés Pétursson, formaður Evrópu- samtakanna spurði hvort einhver hefði skýringu á því hvers vegna ungir Sjálf- stæðismenn hefðu tekið eindregna af- stöðu gegn Evrópusambandinu, þvert á stefnu svipaðra flokka innan ESB. Baldur Þórhallsson hélt því fram að ungir Sjálf- stæðismenn hefðu verið hlynntir aðild að Evrópusambandinu fram á því að Davíð Oddsson tók við forustu í flokknum.

Ögmundur Jónasson sagði að sam- kvæmt skoðanakönnun væru Íslendingar ekkert viljugri en aðrar þjóðir til að ganga í ESB. Ögmundur mótmælti full- yrðingu Guðmundar um að það væri ranghugmynd að íslenska þjóðin væri heild. Slíkt væri ekki ranghugmynd heldur pólitísk yfirlýsing. Ögmundur taldi háskólakennara lifa í meðvitundarleysi. Hvaða annar rammi en eining þjóðar væri heppilegri til að við næðum mark- miðum okkar?

Helgi Hjörvar fann sig tilknúinn til að lýsa því yfir að Samfylkingin væri ein- dreginn Evrópuflokkur. Það væri um- hugsunarefni að íslenska krónan væri helsta viðskiptahindrun okkar. Hann spurði þórarinn hve mikið útflutnings- viðskipti myndu stækka við upptöku evrunnar.

Jón Sigurðsson nefndi að frummæl- endur væru sammála um að ákvörðun um aðild ESB og evru væri pólitísk. Aðild að ESB taldi Jón að væri ekki allsherjar- lausn heldur myndi hún einfalda margt. Jón minnti á að fullveldi eða sjálfstæði væri ekki ódeili heldur yrðu slík hugtök skýrð með hliðsjón af öðrum þjóðum. Hann taldi að við yrðum að varast gildishlaðna umfjöllun um gjaldmiðlinn okkar. Í stað þess að tala um að kasta krónunni væri heppilegra að taka undir slíkt sjónarmið með öðru orðalagi. Til að mynda hefði verið sagt að krónan væri of lítil fyrir landið.

Sveinn Hannesson spurði hvort krónan væri að falla á prófinu sem sjálfstæður gjaldmiðill? Sýndist mönnum þá stefna í að við sæktum um ESB inngöngu í fátí eða æðiskasti? Sveinn túlkaði framsögu Guðmundar sem svo að þjóðin þyrfti að fara til sálfræðings af því að hún væri föst í Gamla sáttmála.



Jón Sigurðsson fyrrverandi iðnaðarráðherra beinir fyrirspurn til pallborðsins

Guðmundur Hálfðánarson kom inn á þversögn í orðræðu stjórnmalamanna á tyllidögum og spurði hvers vegna við værum í Nato, EES o.s.frv. miðað við það. Af hverju er þessi tvískinnungur hjá stjórnmalamönnum? Þeir segja eitt og gera annað. Guðmundur taldi að íslenska stjórnmalamenn hefði skort hugrekki til að taka ákvörðun. Fyrir ári hefði þung þögn ríkt um hugsanlega ESB aðild. Engin hefði tekið hana til umræðu nema kannski Samtök iðnaðarins. Andrúms- loftið hefði snarlega breyst. Nú væri ESB aðild greinilega komin á dagskrá.

Þórarinn G. Pétursson taldi að hlutfall landsframleiðslu gæti aukist um 12% við inngöngu í ESB. Hann taldi varhugavert að blanda saman ramma um peninga- stefnuna og sjálfri peningastefnunni. Hér á landi er rammi sem á vel að geta virkað. Hins vegar hefur ýmislegt gerst í íslenska hagkerfinu sem hefði verið fróðlegt að sjá hvort og hvernig stærri hagkerfi hefðu getað brugðist við, t.d. verklegar framkvæmdir, gríðarleg þensla, miklar skattalækkanir og breytingar á fyrirkomulagi íbúðalána. Þórarinn taldi ekki einsýnt að krónan væri ómöguleg heldur framkvæmd peningastefnunnar. Ósanngjarnt væri að kenna krónunni um þetta allt. Sveiflur í krónunni er ekki náttúruleg mál heldur endurspeglast þar mikill órói í hagkerfinu. Þórarinn lauk á spurningu: „Viljum við hafa mikinn hagvöxt og sveiflukenndan, eða minni hagvöxt og stöðugan? Kannski snýst allt um þetta."

IÐAN - fræðslusetur ehf. tekur til starfa



Stjórn IÐUNNAR: Georg Páll Skúlason, Erna Arnardóttir, Hákon Hákonarson, Hildur Elín Vignir, framkvæmdastjóri, Erna Hauksdóttir, Sveinn Hannesson, formaður, Guðmundur Ómar Guðmundsson, Þorsteinn Víglundsson og Niels S. Olgeirsson

IÐAN - fræðslusetur ehf. hefur hafið starfsemi. Hlutverk IÐUNNAR er að bæta hæfni fyrirtækja og starfsmanna í byggingar-, málm-, prent- og matvæla-iðnaði. IÐAN - fræðslusetur ehf. verður til við samruna fjögurra fræðslumiðstöðva í iðnaði og ferðaþjónustu.

Samtök iðnaðarins hafa um árabíl átt aðild að fjórum fræðslumiðstöðvum í iðnaði: Menntafélagi byggingariðnaðarins, Fræðslumiðstöð málmíðnaðarins, Prenttæknistofnun og Fræðsluráði hótél- og matvælagreina. SI hafa verið bakhjarl þessara miðstöðva ásamt öðrum félögum í viðkomandi greinum; Samiðn, MATVÍS, Félagi bókagerðarmanna og Samtökum ferðaþjónustunnar.

SI hafa lengi talað fyrir aukinni samvinnu eða samruna þessara fjögurra fræðslumiðstöðva. Þau hafa talið slíkt vera í takt við þróun í atvinnulífinu. Hagsmunagæsla og þjónusta við fyrirtæki eru í minnkandi mæli tengd atvinnuvegum eða einstökum starfsgreinum heldur leggur atvinnulífið áherslu á að öll fyrirtæki njóti sambærilegra skilyrða. Meðal slíkra skilyrða er gott aðgengi að vel menntuðu og færri starfsfólki.

Í samstarfssamningi stofnaðila er kveðið á um að IÐAN skuli sinna sí- og endurmenntun og jafnvel meistaranámi. IÐAN mun taka þátt í rannsókn- og

þróunarverkefnum um hæfni í iðnaði og iðnmenntun og hún mun leiða samskipti við stjórnvöld um fræðslumál viðkomandi greina. Stofnaðilar vilja sjá að IÐAN vinni að framgangi eftirfarandi verkefna á næsta áratug:

- IÐAN býður fjölbreytt nám á framhalds- og háskólastigi.
- Greinir þarfir iðnaðarins fyrir þekkingu starfsmanna. Fyrirtæki gera ráð fyrir IÐUNNI við uppbyggingu eigin starfsmannastjórnunar.
- Annast þróunarstarf fyrir menntamálaráðuneytið í iðn- og starfsmenntun.
- Annast ráðgjöf í fyrirtækjum, aðstoðar við að móta menntastefnu og starfsþróun.
- Upplýsingatorg Iðunnar veitir upplýsingar um iðnnám, símenntun iðnaðarmanna og annað nám sem varðar iðnaðinn.

Stefnt er að því að IÐAN taki yfir upplýsingavefinn www.idan.is um nám og störf sem Samtök iðnaðarins komu á legg og hafa rekið undanfarin ár.

Ingi Bogi Bogason

Hvers er að vænta af IÐUNNI?

Loftur Árnason
framkvæmdastjóri
Ístaks



„Ég fagna því að tekist hefur að sameina þessar fjórar fræðslumiðstöðvar í eina og það ætti að bæta stöðu endurmenntunar og þjóna betur fyrirtækjunum og starfsmönnum þeirra. Starfsemin verður hagkvæmari og markvissari. Styrkja mætti þjónustuna á hverju fagsviði með öflugri starfsemi. Sífellt eru gerðar meiri kröfur til starfsmanna um almennari menntun til að uppfylla gæðakröfur og skila skýrslum í gæðaferla í þessu umhverfi nútíma gæðastjórnunar. Til að mæta þessu þarf þverfaglega endurmenntun á ýmsum sviðum, svo sem að koma frá sér óbrennuðum texta á læsilegri íslensku.

Þriðji hver starfsmaður Ístaks er af erlendum uppruna og er fyrirséð að áfram verður þörf á erlendu starfsfólki

hér á landi. Ég tel að full ástæða væri til að sníða námskeið að þörfum þessara starfsmanna til að gera þá hæfari á íslenskum markaði. Verkefni eru mörg og vænti ég mikils af IÐUNNI í framtíðinni.

Að lokum vil ég nefna að fyrirtækin mættu gera meira af því að hvetja starfsmenn sína til að nota þjónustu fræðslustofnunarinnar til hagsbóta fyrir alla."



Guðbrandur Magnússon
framleiðslustjóri
Morgunblaðsins

„Ég fagna því að samstaða hefur náðst um sameiningu fræðslumiðstöðva í iðnaði undir merki IÐUNNAR. Rökin fyrir sameiningunni eru þau helst, að mínu mati, að mörk iðngreina verða æ ógreinilegri, verkefni fræðslumiðstöðva hafa mörg hver verið sams konar, framhaldsmenntun í iðnaði krefst sameiginlegs átaks, meira fjárhagslegt bolmagn ætti að vera til metnaðarfullra verkefna og loks ættu samskiptin við stjórnvöld að verða kraftmeiri og árangursríkari.

Ég vænti þess að uppbygging hæfni og þekkingar í prent- og útgáfuiðnaði fái aukid vægi með tilkomu sameiginlegs fræðsluseturs iðnaðarins og að menn beri gæfu til þess að vinna af heilindum saman, ekki bara í IÐUNNI, heldur dragi

einnig að samstarfinu iðn- og verkmenntaskóla, háskóla og ekki síst fyrirtækin sem IÐAN á að þjóna."



Bjarni Thoroddson
framkvæmdastjóri
Stálsmiðjunnar

„Sameining IÐUNNAR hefur tekið töluverðan tíma en mér virðist sem við þurfum ekki að sjá eftir honum. Við erum komin með öfluga einingu sem er fær um að vinna stóra hluti. Ég tel mikilvægt að faglegar áherslur verði áfram í fyrirrúmi eins og verið hefur. Það góða starf þarf að halda áfram. Allt það sem talist getur sameiginlegt á að reka saman. Meðal þess má nefna kennslu í stjórnun, gæðamálum og öryggismálum. Þarna þarf strax að hefjast handa.

Ég tel að IÐAN hafi alla burði til þess að vera öflugur málsvari menntunar í iðnaði gagnvart stjórnvöldum og öðrum sem fræðslumál varða. Vonandi verður hlustað betur á eina sameinaða fræðslumiðstöð en fjögurra áður.

Með tilkomu IÐUNNAR getum við leyft okkur miklu öflugra nýjungastarf en áður. Ég tel að IÐAN eigi að leggja upp áætlun um laða að sér fleiri sambærilega aðila til samstarfs."

Íslenskir bakarar keppa á erlendri grund



Nýlega fór fram Norðurlandakeppni í brauðbakstri í Herning í Danmörku í tengslum við bakarásýninguna Nordbag. Hvert land sendi tveggja manna lið í keppnina ásamt liðsstjóra sem jafnframt var dómari. Fyrir hönd Landssambands bakarameistara kepptu þeir Daníel Kjartan Ármannsson og Þorvaldur Borgar Hauksson en Jóhannes Felixson var liðsstjóri. Íslensku keppendurnir stóðu sig með þrýði en urðu að urðu að láta sér nægja þriðja sæti. Danir sigruðu, eins og svo oft áður, en Norðmenn urðu í öðru sæti. Á myndinni eru keppendur og liðsstjóri við borð sem sýnir afurðir þeirra úr keppninni.

Matvælaöryggisstofnun Evrópu telur aspartam öruggt til neyslu

Aspartam er sætuefni sem heimilt hefur verið að nota í matvæli víða um heim í yfir 20 ár. Notkun þess hefur verið nokkuð víðtæk þar sem efnið er mjög svipað sykri á bragðið en u.þ.b. 200 sinnum sætara og laust við aukabragð. Undanfarna áratugi hafa verið gerðar viðamiklar rannsóknir á aspartami og niðurbrotsefnum þess í líkamanum. Fjöl margar úttektir á öryggi efnisins hafa átt sér stað, þ.á.m. gerði vísindanefnd Evrópusambandsins á sviði matvæla ítarlegt mat á öllum fyrirbyggjandi rannsóknum á aspartami árið 2002 og gaf út það álit að efnið væri öruggt til neyslu.

Á síðasta ári birti rannsóknastofnun í Bologna á Ítalíu, The European Ramazzini Foundation, niðurstöður úr langtímarannsókn þar sem dregin var sú ályktun að neysla aspartams gæti valdið krabbameini og af þeirri ástæðu ætti að endurskoða ráðleggingar um neyslu þess.



Vísindanefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (EFSA) var þegar í stað falið að gera ítarlega úttekt á rannsókninni og öðrum nýlegum rannsóknum á öryggi aspartams. Nefndin fékk til liðs við sig fjölda óháðra sérfræðinga með víðtæka þekkingu og áralanga reynslu af áhættumati. Farið var ítarlega yfir öll gögn sem rannsóknaniðurstöðurnar byggðust á.

Niðurstöður vísindanefndarinnar voru birtar 5. maí síðastliðinn. Nefndin dregur þá ályktun að niðurstöður Ramazzini rannsóknarinnar gefi ekki ástæðu til að ætla að neysla aspartams geti valdið krabbameini. Nefndin bendir m.a. á að ekkert sambengi sé milli tíðni krabbameins í rottum og skammtastærða af aspartami og telur líklegast að þau krabbameinstilfelli, sem greindust í rannsókninni, séu ótengd aspartami.

Heildarniðurstaðan er sú að á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga sé hvorki tilefni til efasemda um öryggi aspartams né tilefni til að endurskoða leyfilegt magn efnisins til notkunar í matvæli.

Skýrslu vísindanefndarinnar er hægt að lesa á vefslóðinni:

www.efsa.eu.int/science/afc/afc_opinions/1471_en.html.

Ragnheiður Héðinsdóttir

Aukin framleiðni byggð á áfangaskiptri gæðavottun

Aðdragandinn

Í framhaldi af stefnumótun Málm- og skipa- iðnaði um æskilega þróun málmíðnaðarins var ákveðið að leggja höfuðáherslu á að efna til sérstaks átaks til að auka framleiðni. Samtök iðnaðarins og Fræðslumiðstöð málmíðnaðarins ehf. tóku einnig þátt í þessu verkefni sem hófst með því að tekið var saman aðgengilegt kynningarefni um framleiðni. Að því loknu voru haldnir fræðslufundir í tíu málmfyrirtækjum með öllum starfsmönnum þeirra um framleiðni, þýðingu góðrar framleiðni fyrir fyrirtækin og starfsmenn þeirra og hvað unnt væri að gera til að auka hana.

Þessu næst var unnið með Iðntækni- stofnun að því að bera saman ýmsa rekstrarþætti við önnur samskonar fyrirtæki í Evrópu með aðferð Hagnýtra viðmiða (Microscope-könnun). Síðan var metið með forstöðumönnum þeirra hvar fyrirtæki þeirra stæðu í þessum samanburði.

Með þessari vinnu hafði safnast saman mikill fróðleikur um veikleika og styrk fyrirtækjanna og þar fólust gagnleg skilaboð um hvar helst þyrfti að taka til hendi til að bæta reksturinn. Þessi vitneskja sýndi að óhjákvæmilega yrði að vinna að þessum málum í áföngum í fyrirtækjum. Þar með fæddist hugmyndin að áfangaskiptri gæðastjórnun.

Gæðastjórn lögð til grundvallar

Aðferðin tekur mið af því verklagi sem gæðastjórnun í fyrirtækjum byggist á og er í raun ekkert annað en góð stjórnun á öllum þeim rekstrarþáttum sem máli skipta í rekstri fyrirtækja.

Þetta mætti orða þannig:

1. Segðu hvernig þú ætlar að gera hlutina (gæðakerfi)
2. Gerðu eins og þú segist ætla að gera (gæðastjórnun)
3. Sýndu fram á að þú hafir gert eins og þú sagðist ætla að gera (rekjanleiki).

Það fyrirtæki, sem fylgir þessu ferli til hins ýtrasta, ætti að öðru jöfnu að geta náð góðum árangri. Nú vill svo til að mikil þekking á þessu sviði liggur fyrir. Samtök iðnaðarins hafa m.a. unnið þar mikið starf fyrir aðildarfyrirtæki sín og ákveðið var að nýta hana við þá lausn sem felst í áfangaskiptri gæðavottun.



Fjögur þrep - fjórar vottanir

Í meginatriðum má skipta gæðastjórnun í tvo hluta:

1. Utanumhald um staðreyndir í rekstrinum.
2. Nýtingu þeirra við stjórnun.

Af því leiðir að meira vit verður í stjórnuninni og árangurs að vænta ef upplýsingar í gegnum verk- og hráefnis- skráningar eru fyrir hendi og áreiðanlegar. Ennfremur verður rekjanleiki frá tilboðum til afhendingar verka ljós og aðgengilegur. Þá þurfa að liggja fyrir haldgóðar upplýsingar um allar vélar, tæki og. Þá þarf skipurit og skipulag fyrirtækisins þarf að vera öllum sýnilegt og ljóst.

Hin áfangaskipta gæðavottun byggist á því að til þess að fá vottað fyrsta þrepið (D-vottun) þarf fyrirtækið að fullnægja þeim kröfum sem þar eru skilgreindar. Þær snúast um að gera staðreyndir í rekstrinum aðgengilegar fyrir stjórnendur sem geta síðan nýtt þær í næstu þrepi. Þegar búið er að votta að viðkomandi fyrirtæki stenst kröfur D-þrepsins geta stjórnendur farið að skoða hvort fyrirtækið stenst kröfur um C-vottun og gert ráðstafanir til að bæta úr því sem á vantar. Sérfræðingar Samtaka iðnaðarins og IÐUNNAR geta aðstoðað aðildarfyrirtæki við þá vinnu (og einnig við D-þrep- ið) og leiðbeint um það sem gera þarf til að komast á næsta þrep.

Hugsanlegt er að fyrirtæki hafi þegar sett sér verklagsreglur og útbúið ferla fyrir afmarkaða þætti í starfsemi sinni. Ekki verður hróflað við þeim ef menn svo kjósa og þær teljast fullnægjandi miðað við kröfur viðkomandi þreps. Þá verður einfaldlega vottað að fyrirtækið standist

kröfur þess þreps og það fær formlega viðurkenningu þess efnis.

Þannig er fyrst metið hvort fyrirtæki stenst kröfur 1. þreps. Ef svo fer fær það D-vottun viðkomandi árs (hver vottun gildir í eitt ár). Það getur síðan stefnt að C-vottun og því næst B- og A-vottun. Þau fyrirtæki sem hafa náð A-vottun, eiga skammt í að uppfylla staðalinn ISO-900:2000.

Frekari upplýsingar á netinu

Að baki því, sem þarf að uppfylla í hverju þrepi, eru skilgreiningar sem hægt er að kynna sér með því að fletta upp á vef Samtaka iðnaðarins. Þar geta menn séð stutta lýsingu á hverju atriði og borið síðan saman við stöðu þeirra í fyrirtæki sínu. Ætla má að margir sjái að ýmislegt sé í góðu lagi hjá þeim miðað við þá lýsingu og einnig að ekki sé mikið mál að bæta úr því sem hugsanlega vantar á - a.m.k. í fyrsta þrepi.

Aðgengileg aðferð

Með þessu þrepaskipta vottunarferli er vonast til að fyrirtækin eigi auðvelt með að stíga fyrsta skrefið til umbóta í rekstrinum. Hingað til hafa margir veigrað sér við að vinna að fullri gæðavottun í sínu fyrirtæki þar sem þeim þykir það ansi stór biti að kyngja í einu. Þess vegna hafa fáir lagt í þessa nauðsynlegu vegferð enda þótt þeir viti að þar er margt nytsamlegt að finna fyrirtækinu til hagsbóta.

Af viðbrögðum að dæma má ætla að með þessari áfangaskiptu gæðavottun sé komin fram aðferð sem margir vilja nýta. Kosturinn er líka sá að þeir, sem fara aðeins eitt eða tvö fyrstu þrep, hafa þar með gert ágæta hluti fyrir sig og viðskiptamenn sína. Afraksturinn ætti að koma fljótt í ljós sem vonandi lýsir sér í meiri framleiðni og betri framleiðslu og þjónustu.

Hvert á að snúa sér?

Öll fyrirtæki, sem eiga aðild að SI eða félögum innan þeirra, geta í fyrstu lotu óskað eftir úttekt á því hvort þau standast kröfur D-þrepsins. Síðan taka þau næstu þrep eftir því sem við á. Það þarf því ekki annað en að hafa samband við Samtök iðnaðarins og óska eftir slíkri úttekt í síma 591 0100.

Breytingar á raforkumarkaði

Áhrif samkeppni á raforkuverð



Athyglisverður fundur var haldinn í lok Amars um raforkumál hjá SI. Tilfni fundarins var breytingar á raforkuverði sem orðið hafa í kjölfar nýrra laga sem tóku gildi í ársbyrjun 2005. Þau skipta raforkumarkaðnum upp á nýjan hátt þannig að skilið er milli orkuvinnslu, flutnings á orku, dreifingar og sölu. Flutningur og dreifing orku falla undir sérleyfisstarfsemi en orkuvinnsla og orkusala lúta lögmálum frjálsrar samkeppni. Á fundinum var leitað svara við spurningum um hvaða áhrif þær breytingar hafa á raforkuverð í framtíðinni.

Framsögumenn voru Eiríkur S. Svavarsson, yfirmaður viðskiptasamninga hjá Landsvirkjun, Tryggvi Þór Haraldsson, forstjóri Rarik og Friðrik Friðriksson, framkvæmdastjóri orku- og framleiðsluviðs Hitaveitu Suðurnesja.

Hvað gerir rafmagn að sérstakri vöru?

Rafmagn er að því leyti sérstakt að það er framleitt á því andartaki sem það er notað og er því ekki lagervara. Raforkuframleiðendur þurfa að eiga virkjað afl fyrir mesta afltopp ársins og það er mikill munur á álagi að sumri og vetri, nóttu og degi. Fjárfest er miðað við mesta álagstoppinn og mikið fjármagn er bundið í raforkukerfinu en breytilegur kostnaður er lágur. Þess vegna eru hagsmunir raforkuframleiðenda fólgnir í langtímasamningum. Í þessu nýja umhverfi ber hver og einn ábyrgð á að afla sér rafmagns sem hann selur.

Heildsala rafmagns

Nokkur umræða var um verðskrá Landsvirkjunar sem gerir samninga til allt að 12 ára. Eiríkur lagði áherslu á að viðskiptavinir LV velja þá samsetningu samninga sem þeim best hentar. Verð rafmagnsins er lægst í langtímasamningum í samræmi við langtímaeðli fjárfestinga í raforkugeiranum. Hann benti á að aðrir framleiðendur selja framleiðslu sína nær eingöngu gegnum eigin söluvirkjarkæki. Friðrik telur að heildsöluverð Landsvirkjunar, hins markaðsráðandi aðila, sé nú lyklatríði varðandi verðlagningu raforku á landinu. Gjaldskrá Landsvirkjunar sé of há, mjög flókin og skiptist í ótal þætti sem taka þurfi

tillit til. Þess vegna sé mikil sókn í að virkja til að auka eigin hlut í framleiðslunni.

Verðjöfnun milli landsbyggðar og þéttbýlis

Eitt af því, sem gerðist við breytingarnar á raforkulögunum, var að Landsnet var stofnað og tók við stærstum hluta flutningskerfis Landsvirkjunar en einnig flutningskerfi annarra veitna. Það var pólitísk ákvörðun að stækka landsnetið og stofna eitt fyrirtæki sem sæi um allan flutninginn og að verðjafna í öllum flutningskerfum. Þetta kom landsbyggðinni til góða en olli verðhækkun, einkum á suðvesturhorninu. Það var einnig pólitísk ákvörðun að hafa sérstaka gjaldskrá fyrir dreifingu í dreifbýli en einungis tvær veitur, Rarik og Orkubú Vestfjarða, hafa fengið að nýta sér það, þótt aðrar veitur þjóni dreifbýlissvæðum. Fram kom í máli Tryggva að verð á raforku hefði lækkað hjá meirihluta notenda á þeirra svæði. Friðrik benti á að sömu sögu væri ekki að segja af Suðurnesjum þar sem verð hefði hækkað hjá mörgum notendum. HS átti og rak í meginatriðum flutningskerfið á svæðinu en var skyldað til að leigja eða selja Landsneti kerfið og greiðir nú fyrir flutning samkvæmt verðjafnaðri gjaldskrá. Sérleyfisþátturinn, þ.e. flutningur og dreifing hefur hækkað hvað mest á svæði HS.

Roftaxtar og aðrir sértaxtar

Friðrik fjallaði um breytingar sem gerðar voru á svokölluðum roftöxtum og öðrum

sértöxtum sem orkufyrirtækin buðu þegar þau voru bæði með sölu- og dreifingarstarfsemi á sinni könnu og hafa verið gagnrýndar. Þá voru viðskiptin trygg og hægt að ná niður kostnaði með samsettum gjöldum fyrir dreifingu og flutning en nú getur sölustarfsemin verið hjá allt öðru fyrirtæki en því sem sér um dreifinguna. Reynt hefur verið að bregðast við þessu með því að útbúa tví- og þrjúgjalds taxa. Þá er verðið lækkað til muna að kvöld- og næturlagi en herra verð innheimt að deginum þegar álagið er mest. Með því að stýra notkuninni hafa notendur getað lækkað umtalsvert dreifingargjöldin.

Kostir í framtíðinni

Jákvæð áhrif af breytingunum telja framsögumenn vera þó nokkur. Orkufyrirtækin gera nú víðtækari kostnaðargreiningu og sundurliðun í bókhaldi þannig að reksturinn verður markvissari og betri en áður var. Tækifærin liggja í lækkan kostnaðar við sérleyfisþáttinn í fyrstu en samkeppnisþátturinn kemur í kjölfarið enda verður gerð rík krafa um hagræðingu.

Sú litla hreyfing, sem hefur verið á markaðnum snýr að stærri fyrirtækjunum því að þau hafa stigið það skref að kanna möguleika á verðlækkun en reynsla margra þeirra er sú að svigrúm- ið er takmarkað. Álagning er lítil í sölu- unni og lítið svigrúm til lækkunar nema einhver breyting verði á heildsöluverði eða framleiðslukostnaður lækki. En söluvirkjarkækin hafa gert langtímasamninga um orkukaup og þau munu verja sitt. Því var spáð að söluvirkjarkækjum í raforku ætti eftir að fækka og sjálfstæð ný söluvirkjarkæki gætu skilað lægra verði á markað. Samkeppnin mun einkum felast í upplýsingagjöf og þjónustu við viðskiptavinum. Tryggvi taldi að hreinlegast væri að klippa á þráðinn milli sérleyfis- og samkeppnisþátta með aðskilnaði sölu- og dreifingarvirkjarkækja, en lögin gera ekki ráð fyrir að þörf sé á slíku. Því var fagnað að tækifæri skapast fyrir nýja aðila til að virkja og koma inn á markaðinn.

Bryndís Skúladóttir

Það var pólitísk ákvörðun að stækka landsnetið og stofna eitt fyrirtæki sem sæi um allan flutninginn og að verðjafna í öllum flutningskerfum. Þetta kom landsbyggðinni til góða en olli verðhækkun, einkum á suðvesturhorninu.

Mikilvægi nýsköpunar og tækniþróunar fer sívaxandi

Í nútíma viðskiptaumhverfi þar sem Í samkeppni er gríðarleg er nauðsynlegt að stjórnendur fyrirtækja fylgist vel með öllum nýjungum á sínu sviði og jafnframt að nýsköpun sé ákveðið og markvisst ferli sem stöðugt er unnið að. Samfélagið einkennist meðal annars af flóði upplýsinga sem auðvelt er að nálgast en reynst getur tímafrekt og flókið að hafa uppi á því efni sem getur komið að gagni. Bryndís Haraldsdóttir, ráðgjafi hjá Evrópumiðstöð Impru á Iðntæknistofnun, segir að við slíkar aðstæður geti reynst gagnlegt að leita til miðstöðvarinnar sem um árabíl hefur aðstoðað íslensk fyrirtæki og stofnanir við að afla upplýsinga um nýja tækni.

Ótæmandi gagnabrunnur

Evrópumiðstöð Impru er hluti af evrópsku samstarfsneti en meginmarkmið þess er að stuðla að nýsköpun og yfirfærslu á tækni og þekkingu milli landa í Evrópu. Netverkið nefnist Innovation Relay Center og hefur yfir að ráða öflugum gagnabanka en þar eru skráðir tugir þúsunda eftirspurna og tilboða um tæknilausnir frá 33 löndum. Umræddan gagnabanka er hægt að nálgast á vefsíðu Evrópumiðstöðvar Impru www.evropumidstod.is.

Miðstöðin þjónar bæði frumkvöðlum og stærri fyrirtækjum en að sögn Bryndísar

stendur til að auka þá þjónustu og ná betur til fyrirtækja í hefðbundnum rekstri enda fari mikilvægi nýsköpunar og tækniþróunar sívaxandi. „Slíkt á sér ekki bara stað í svokölluðum hátækniyfirtækjum. Það er mjög mikilvægt að fyrirtæki í hefðbundnum atvinnurekstri fylgist vel með því sem er að gerast og stundi markvissa vöruþróun og nýsköpun. Í því efni teljum við að gagnabankinn og þjónusta okkar geti komið að gagni,“ segir Bryndís.

Hagnýtum niðurstöðum komið á markað

Netverkið varð til árið 1995 þegar Evrópusambandið skynjaði að Evrópa stóð sig ekki nógu vel hvað snerti hagnýtingu og markaðsvæðingu rannsóknaniðurstaðna. Netverkið nær til allra Evrópulanda og nokkurra ríkja utan Evrópu og starfsmenn þess eru hátt í 2000 talsins í 33 löndum. Bryndís segir að gríðarleg orka fari í að kynna þjónustuna hér heima en hún fer fram á vegum Impru nýsköpunarmiðstöðvar á Iðntæknistofnun. Starfsmenn stöðvarinnar heimsækja fyrirtæki og fara með þeim í svokallaða þarfagreiningu þar sem reynt er að koma auga á hvað fyrirtækið gæti hugsanlega flutt út á sviði tækni og þekkingar en einnig er skoðað hvaða tækni og þekkingu fyrirtækið gæti fært



Bryndís Haraldsdóttir

sér í nyt frá öðrum fyrirtækjum. Þegar þarfagreiningu er lokið er skrifaður svokallaður „prófill“ um fyrirtækið og þar kemur fram hvað það hefur fram að færa og hvers það óskar. Að því loknu fer prófíllinn í fyrrnefndan gagnabanka.

Íslensk fyrirtæki njóta góðs af netverkinu

Bryndís nefnir að fjölbreytni fyrirspurna sé mikil. Íslensku fyrirtækin séu bæði að bjóða fram vöru sína og leita að tækni og þekkingu af ýmsum toga. Ennfremur eru tæknitilboð og óskir, sem Bryndís berast daglega, af ýmsum toga. Mörg fyrirtæki hafa náð viðskipta- og samstarfssamningum í kjölfar þjónustu Evrópumiðstöðvar. Síðasta ár var það besta í sögu IRC netverksins en þá náðust yfir 500 samningar um tækniyfirfærslu. Í hverju slíku tilviki eiga í hlut að minnsta kosti tvö fyrirtæki sitt frá hvoru landi og yfir 1000 viðskiptavinir sem hafa fengið þjónustu sem lyktaði með samningi.

Tíminn frá því að leit hefst og þar til árangur verður sýnilegur er mislangur. Bryndís segir að Evrópumiðstöðin geti sinnt hlutverki sínu nokkuð hratt og svörin komi tiltölulega fljótt eftir að prófíll birtist í gagnabankanum. Búast megi við viðbrögðum innan fjögurra mánaða en þegar samstarf sé hafið ljúki hlutverki Evrópumiðstöðvar að mestu. Stysta ferlið taki um fjóra mánuði en hið lengsta geti líka tekið allt að tvö ár.

Tæknivöktun sniðin að þörfum fyrirtækjanna

Á vegum Impru er nú í boði ný þjónusta

Húshlutir

Húsasmiði

Málun

Múrun

Pípulagning

Dúklagning

Byggingavörur

Blikksmiði

Málmsmiði

Jarðvinna

Vinnuvélar

Garðyrkja

Hreinsun

Endurvinnsla

Taktu enga áhættu við verklegar framkvæmdir

Tryggðu þér meistara og fagmenn til verksins



Þar sem þú finnur fagmenn til verksins

sem kölluð er tæknivöktun og er mjög gagnleg að sögn Bryndísar. Tæknivöktun felst í því að fyrirtæki geta skráð sig hjá Impru og fengið send öll tæknitilboð og tæknióskir á sínu sviði frá 33 löndum annaðhvort daglega eða vikulega. Bryndís segir þetta veita fyrirtækjum mjög gott tækifæri til að fylgjast vel með því sem er á döfinni auk þess að sækja sýningar og ráðstefnur enda sé þjónustan auðveld og aðgengileg. Fyrirtæki fá sendar upplýsingar um nýja tækni og þeir sem starfa í viðkomandi grein eru fljótir að átta sig á hvort þeir geta gert sér mat úr henni.

Mikilvægt að fylgjast með framvindu

Bryndís segir mjög mikilvægt að Evrópumíðstöð fylgist með hvernig íslensku fyrirtækjunum gengur eftir að samband fyrirtækja kemst á því að gefa þurfi skýrslu um slíkt til Brussel þar sem ESB fjármagnar starfseminu og eftirfylgni sé því talsverður þáttur í starfsemi miðstöðvarinnar. Þjónustan, sem innt er af hendi er því endurgjaldslaus. Um þessar mundir eru um 30 prófilar frá íslenskum fyrirtækjum inni á gagnabanka netverksins. Starfsmenn Evrópumíðstöðvar Impru eru þrjú talsins.

Margvísleg önnur aðstoð í boði hjá Impru

„Hlutverk Impru er að aðstoða frumkvöðla og fyrirtæki í nýsköpun og viðskiptaþróun og leysa ýmis vandamál sem upp kunna að koma í daglegum rekstri,“ segir Bryndís. Þar er rekin svokölluð handleiðsla sem felst í að einstaklingar eða fyrirtæki geta haft samband við Impru og fengið góð ráð, t.d. um leyfi sem þarf að afla vegna rekstrar, einkaleyfi, hvernig á að bera sig að við að fjármagna viðskiptahugmyndir eða gera viðskiptaáætlun en slíkt skiptir miklu máli fyrir þá sem hyggjast stofna fyrirtæki. Að sögn Bryndísar er alls kyns efni sem nýtist í þessum efnum að finna á heimasíðu Impru.

Auk fyrrnefndrar aðstoðar hefur Impru einnig lagt nokkra áherslu á að liðsinna konum í atvinnurekstri og haldið námskeið sem kallast Brautargengi og er hugsað fyrir konur. Það námskeið sækja fjölmargar konur á hverju ári að sögn Bryndísar.

Impra rekur einnig svokallað frumkvöðlasetur þar sem frumkvöðlar fá m.a. aðstöðu til að vinna að viðskiptahugmyndum sínum og njóta einnig handleiðslu og ráðgjafar hjá starfsmanni setursins.

Þóra Kristín Jónsdóttir

Alcan og OR skrifa undir samning um orkusölu



Fulltrúar Alcan og Orkuveitu Reykjavíkur hafa skrifað undir samning sem tryggir Alcan um 200 MW af raforku vegna fyrirhugaðrar stækkunar álversins í Straumsvík. Samningurinn gerir ráð fyrir að orkan verði tilbúin til afhendingar um mitt ár 2010 og hún komi frá jarðvarmavirkjunum Orkuveitunnar á Hellið. Samningstíminn er 25 ár.

Viðræður milli Alcan og Orkuveitunnar hafa staðið yfir frá því fyrirtækin undirrituðu á síðasta ári viljayfirlýsingu um samstarf. Með samningnum nú hefur

Alcan tryggt sér um 40% þeirrar orku sem fyrirtækið þarf ef verksmiðjan í Straumsvík verður stækkuð en viðræður standa yfir við Landsvirkjun um þau 60% sem enn eru ótryggð. Einnig standa yfir viðræður við Landsnet vegna flutnings á þeirri raforku en stefnt er að því að ljúka viðræðum við báða þessa aðila á síðari hluta ársins.

Með fyrirhugaðri stækkun álvers Alcans í Straumsvík mun framleiðsluaukningin verða um 280 þúsund tonn á ári en í dag eru framleidd þar um 180 þúsund tonn.

Fagleg og lögleg

þjónusta í boði

Löggild menntun snyrtifræðinga tryggir þér fagmennsku í snyrtingu og förðun og rétta og örugga húðmeðferð. Þú finnur snyrtifræðinga í Félagi íslenskra snyrtifræðinga um land allt. Sjá nánar á Meistarinn.is.



Félag íslenskra snyrtifræðinga

Sjálfstæð peningastefna

- gagn eða ógagn -

Vaxtastefna Seðlabankans sætir nú gagnrýni úr óvæntri átt þar sem Illugi Gunnarsson, hagfræðingur og fyrrum aðstoðarmann Davíðs Oddssonar seðlabankastjóra, telur bankann hafa aukið verðbólgu með of snörpum vaxtahækkunum! Þetta er sannarlega óvænt útspil enda hefur Illugi löngum verið talinn ötull talsmaður krónunnar og sjálfstæðrar peningamálastefnu. Arnór Gunnarsson, aðalhogfræðingur Seðlabankans, svarar grein Illuga ítarlega í Fréttablaðinu 27. apríl sl. þar sem hann hafnar rökum hans og vísar í viðtekna kenningar þjóðhagfræðinnar.

Hærrí vextir auka einkaneyslu

Þótt hnökra séu á röksemdum Illuga um áhrif vaxta á verðbólgu er þó sannleikskorn í þeim. Snarpar vaxtahækkunar við skilyrði frjálsra fjármagnsflutninga geta styrkt gengið mjög líkt og gerðist með krónuna á síðasta ári. Við það lækkar verðlag innfluttrar vöru og þar með dregur úr verðbólgu. Hins vegar eykst einkaneysla í kjölfarið enda er um tæpur helmingur einkaneyslunnar innfluttur. Þannig eykur vaxtahækkun þjóðarútgjöld í gegnum aukna einkaneyslu, þvert á viðtekna kenningar þjóðhagfræðinnar. Fræðilega ættu vaxtahækkunar að draga úr neyslu og hvetja til sparnaðar en vegna smæðar hagkerfisins og þess hve háð við erum innflutningi gerist þetta ekki. Þetta veikir mjög getu Seðlabankans til að ná verðbólgu markmiði sínu. Þessu ferli virðist reyndar lokið í bili a.m.k. enda ljóst með gengislækkun krónunnar að undanförunu að þetta háa gengi fékk ekki staðist. Annað

Bjarni Már Gylfason
hagfræðingur SI



sem veikir peningastefnuna er víðtæk verðtrygging lána sem eru lítt háð stýrivöxtum og ótakmarkað aðgengi að erlendum lánnum.

Fallvaltur árangur

Erfitt er að greina árangur peningastefnunnar frá því að verðbólgu markmið var tekið upp í mars 2001 og Seðlabankanum veitt frelsi til að ná markmiði sínu. Síðan eru liðnir 63 mánuðir en verðbólga hefur aðeins verið undir verðbólgu markmiðinu í 16 mánuði eða 25% þess tíma. Vissulega má segja að verðbólga hafi stundum verið minni en ella vegna hærrí vaxta. Vandinn er hins vegar sá að þegar Seðlabankinn er í vaxtahækkunarferli styrkist gengið mjög og færast frá langtímajafnvægi sínu. Á tilteknum tímapunkti fær gengið ekki lengur staðist og fellur þrátt fyrir háa stýrivexti. Verðbólgu skot er óhjákvæmilegt í kjölfarið og því má segja að vaxtahækkunar og gengisstyrking stuðli að frestuverðbólgu.

Sagan endurtekur sig

Það sem virðist vera gerast í efnahagslífinu nú er nákvæmlega það sama og átti sér stað árið 2001. Í apríl það ár stóð gengisvísitala krónunnar í 122 stigum eftir að hafa veikst nokkuð mánuðina

þar á undan. Þrátt fyrir vaxtahækkunar Seðlabankans og vonir hans um að halda gengi krónunnar sterku til að sporna gegn verðbólgu hríðféll gengi krónunnar og vísitalan fór í 140 stig á einum mánuði. Kröftugt verðbólgu skot fylgdi í kjölfarið og verðbólgan náði hámarki í janúar 2002 þegar hún mældist 9,4%. Þegar gengi krónunnar féll árið 2001 höfðu stýrivextir Seðlabankans náð hámarki og voru ekki hækkaðir frekar. Í raun fóru vextir lækkaðir í miðju gengisfalli krónunnar. Þetta reyndist ágætlega enda minnkaði verðbólga hratt og var komin í 2,4% í nóvember það ár. Ef sagan endurtekur sig mun Seðlabankinn ekki hækka vexti umfram það sem orðið er og byrjar jafnvel að lækka vexti fyrr en síðar. Miðað við yfirlýsingar bankans eru hins vegar ekki líkur á því.


Eru mistök í vændum?

Almennt er gert ráð fyrir að Seðlabankinn hækki vexti enn frekar. Davíð Oddsson hefur líka lýst því ítrekað yfir að til allra mögulegra aðgerða verði gripið til að hemja verðbólguna, jafnvel að hækka stýrivexti í 16%. Það er skiljanlegt að hinn stefnufasti seðlabankastjóri vilji berjast af krafti við verðbólguna enda löngu ljóst að einn versti óvinur atvinnulífs og heimila er þar á ferð. Vandinn er hins vegar sá að vaxtahækkun nú stöðvar ekki veikingu krónunnar og mun enn síður takast að styrkja hana á ný. Gengisleið miðlunarferlis Seðlabankans hefur verið virkasta leiðin í ferlinu en hætt er við að hún hafi nú lokast. Vaxtahækkunar í árið 2000 og nú í ársbyrjun 2006 sýna það glögglega enda féll krónan þrátt fyrir vaxtahækkunar. Hins vegar hafa vextir mikil áhrif á framleiðsluspennu hagkerfisins en það tekur mun lengri tíma fyrir vextina að draga úr eftirspurn með þeim hætti. Oft er talað um að það taki 12-18 mánuði fyrir vaxtahækkun að hafa full áhrif. Samkvæmt spám Seðlabankans verður hagvöxtur á næsta ári lítill og því væri afar óheppilegt að fá inn full áhrif vaxtahækkunar einmitt þegar slaki fer að myndast í efnahagslífinu og atvinnuleysi að aukast. Skarpar vaxtahækkunar ofan á það sem orðið er gætu því reynt mistök.

Horft frá núverandi stefnu

Þó að Samtök iðnaðarins hafi miklar efasemdir um ágæti sjálfstæðrar peningamálastefnu á Íslandi og að nota minnsta og sveiflukenndasta gjaldmiðil veraldar er mjög mikilvægt að Seðlabankanum takist ætlunarverk sitt. Til skamms tíma er mikilvægasta verkefni hagstjórnar að ná verðbólgunni niður. Til

Verðbólga, verðbólgu markmið og stýrivextir



Heimild: Hagstofa Íslands og Seðlabanki Íslands

Prentsmiðjan Hjá Guðjón Ó kaupir plötuskrifara frá Heidelberg

Prentsmiðjan Hjá Guðjón Ó. hefur gengið frá samningi um kaup á Heidelberg Suprasetter S74 plötuskrifara frá Nýherja.

Plötuskrifarinn er einn sá fullkomnasti sem nú er völ á en hann er með sjálfvirka mötun á plötum - Multi cassette loader - og getur tekið allt að fjórar stærðir platna sjálfvirkt. Einnig er hægt að handmata aðrar stærðir á mjög einfaldan hátt ef þörf krefur. Hver kassetta tekur allt að 150 plötur og vélin fjarlægir millileggsblöð sjálfvirkt. Þau er sett í skúffu sem tekur um 400 milliblöð án þess að þurfi að tæma hana. Vélin er búin nýrri gerð af Laserum - laser modules - sem Heidelberg hefur hannað en í vélinni eru einnig tveir lasereiningar. Hægt er að auka hraða vélarinnar umtalsvert á einfaldan hátt með því að fjölga lasereiningum í henni.

Einnig er vélin búin hitastjórnar-búnaði sem heldur alltaf sama hitastigi í vélinni, en það tryggir að útkoman er alltaf sú sama þótt endurtaka þurfi plötur inn í sett. Auk þess er vélin tilbúin fyrir "Process" lausar plötur.

Ólafur Stolzenvald, prentsmiðjustjóri Hjá Guðjón Ó, segir að ástæða þess að fyrirtækið valdi Heidelberg sé góð þjónusta, áreiðanlegur búnaður og gæði. „Við höfum áratuga reynslu af Heidelbergvélum og það gerði val okkar auðveldara. Þá er stutt í að svokallaðar þurrplötur komi á markað og þar sem þessi skrifari er reiðubúinn undir slíkar prentplötur verðum við laus við slík spilliefni í framtíðinni og það út af fyrir sig er stórt skref í umhverfismálum fyrir prentiðnaðinn í heild.“

Haraldur Dean Nelson

Langs tíma litið er hins vegar full ástæða til að horfa til þess sveiflukenna ástands sem hér hefur ríkt og spyrja hvort við viljum búa við það áfram. Veikleikar í framkvæmd peningastefnunnar og árangur hennar hingað til sýna það glögglega.

Þegar dyggir stuðningsmenn sjálfstæðrar peningamálastefnu eru farnir að efast er fullt tilefni til að horfa til annarra átta og Samtök iðnaðarins hafa lengi bent á marga augljósa kosti þess að hverfa frá núverandi peningamálastefnu og ganga í Myntbandalag Evrópu og Evrópusambandið.

Hönnun, framleiðsla og sjálfbær þróun

Dr. Patrick D. Eagan hélt nýlega fyrirlestur í Húsi atvinnulífsins undir yfirskriftinni „Viltu bæta samkeppnisstöðuna?“

Dr. Eagan er prófessor í verkfræði við háskólann í Wisconsin - Madison. Hann hefur kynnt sér tengsl hönnunar, framleiðslu og sjálfbærar þróun í áraraðir. Hann hefur starfað með fjölda fyrirtækja, einkum í raftækjaframleiðslu og á heilbrigðissviði.

Fram kom í máli Dr. Eagan að strax árið 1990 hefði hann unnið að vistvænni hönnun (Eco-Design) með þó nokkrum fyrirtækjum. Um það leyti komu fram á nokkrum stöðum í heiminum aðferðir og tæki fyrir vistvæna hönnun og vistferilgreiningar (LCA). Fyrir löngu hafi verið sýnt fram á að fyrirtæki hagnist af því að taka umhverfissjónarmið inn í vörubrúun og aðra starfsemi en nú 15 árum síðar velti hann fyrir sér hvers vegna þessar aðferðir séu ekki eins útbreiddar og ætla mætti.

Aukinn hraði og meiri framleiðni

Innan fyrirtækja er tilhneiging til að setja umhverfismálin í sér deild en til að eitthvað miði áfram þurfi að flétta þau inn í alla daglega starfsemi fyrirtækisins. Umhverfismál snúast um fjárfestingar, gæði, framleiðni og annað sem nú þegar er unnið með í fyrirtækjum. Dr. Eagan segist sjá fyrir sér að í framtíðinni muni gæða-, umhverfis- og öryggismál renna saman við hugtök eins og straumlínu-stjórnun og framleiðni. Allt stefnir þetta að sama marki sem er aukin þekking og

vitund starfmannanna og betri nýting tíma og hráefna. Þannig er stuðlað að auknum hraða og meiri framleiðni.

Nýsköpun og þekking eru lykilordin

Dr. Eagan spáir því að fyrirtækin sjálf muni drífa umhverfismál áfram í auknum mæli enda sjái þau nauðsyn þess að breyta um starfshætti. Lykilordin eru nýsköpun og þekking sem muni leiða til bættrar hönnunar. Fyrirtæki breytast mishratt, allt eftir endingartíma tækja og annarra fjárfestinga en þau munu í auknum mæli taka tillit til umhverfissjónarmiða við val á nýjum tækjum á næstu árum. Stór fyrirtæki munu draga vagninn og leiðbeina minni fyrirtækjum sem þau starfa með.

Samspil yfirvalda og fyrirtækja

Á fundinum var einnig eiginkona Dr. Eagan, Lloyd L. Eagan, sem tók þátt í umræðum en hún er forstóri auðlinda-deildar fylkisstjórna í Wisconsin. Spurt var um samskipti yfirvalda og fyrirtækja og sagði hún þá frá verkefni sem kallast Green Tier Program þar sem fyrirtæki axla tiltekna skyldur svo sem umhverfisstjórnun og grænt bókhald en fá á móti umbun, t.d. minna eftirlit. Í sama anda hefur verið tekið á afmörkuðum umhverfivandamálum í samstarfi fyrirtækja og eftirlitsaðila. Báðir aðilar leggja sitt af mörkum til að leysa vandann í stað þess að setja strangari reglur og eftirlit. Reynslan hefur sýnt að báðum aðilum líkar þetta vel og umhverfið nýtur góðs af.

Bryndís Skúladóttir

Áskorun til ríkisstjórnarinnar

Framtíðin

er í okkar

höndum

Sjá nánar á www.si.is



Það er aldrei of seint að fara aftur í nám

710 Si 5. tbl. 2006 Við Tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík er starfrækt frumgreinasvið sem er ætlað það hlutverk að búa nemendur undir áframhaldandi nám í deildinni. Frumgreinasvið byggist á traustum grunni frumgreinadeildar Tækniháskóla Íslands og markmiðið með deildinni var og er að gefa iðnaðarmönn-um kost á frekara námi. Aðrir hópar hafa svo bæst við, einkum fólk með mikla starfsreynslu og nemendur með stúdentspróf sem þurfa frekari undir-búning í stærðfræði og raungreinum. Við tókum tvo nemendur frumgreinasviðs tali.

Segið mér aðeins frá ykkur og hvernig stendur á því að þið sóttuð um nám á frumgreinasviði HR?

Bjarni: Ég er 25 ára Reykvíkingur og lauk sveinsprófi í húsasmíði árið 2002. Áður hafði ég stundað nám í Borgarholtsskóla og Fjölbrotaskólanum í Breiðholti. Eftir að hafa starfað við smíðar um nokkurt skeið langaði mig til að læra meira og í janúar 2005 ákvað ég að fara í frumgreinadeild Tækniháskóla Íslands (Nú frumgreinasvið HR).

Kristján: Ég er 28 ára og er búinn með 1. stig Vélskólans og sveinspróf í rafvirkjun. Ég vildi mennta mig betur á tæknisviði og taldi að með því að fara á frumgreinasvið HR gæti ég verið betur búinn undir háskólanám.

Hvernig fréttuð þið af þessum námsmöguleika?

Bjarni: Ég hef í raun lengi vitað af frumgreinasviðinu því að faðir minn er tæknifræðingur og valdi þá námsleið á sínum námsárum. Einnig hafa nokkrir félagar mínir stundað nám við sviðið og eru allir á sama máli um hversu gríðar-góður undirbúningur þetta sé fyrir áframhaldandi nám.

Kristján: Vinur minn hafði verið í þessu námi og mælti með því. Þess vegna skoðaði ég það betur.



Viðtal við Kristján Örn Kristjánsson og Bjarna Garðar Nicolaiðsson nemendur á 4. önn frumgreinasviðs Háskólans í Reykjavík

„Ég tel að námið í heild muni gefa mér góðan grunn fyrir framtíðarnám“

Hverjir sækja í nám á frumgreinasviði?

Bjarni: Hér er fólk úr öllum áttum og á öllum aldri. Flestir eiga það sameiginlegt að hafa verið á vinnumarkaðnum í lengri eða skemmri tíma og einnig er fólk með mislangan skólaferil að baki.

Kristján: Allir sem hafa áhuga á áframhaldandi námi og hafa staðist inn-gönguskilyrði.

Nú er væntanlega einhver tími liðinn síðan þið lukuð námi. Hvernig er að byrja aftur í námi eftir hlé?

Bjarni: Fyrir mig var það ekki mikil breyting því að það var ekki svo langt síðan ég var í öðru námi. Andrúmsloftið í bekknum var strax mjög gott og vel gekk að komast af stað.

Kristján: Það er erfitt en gaman.

Nú kom fram hjá ykkur áðan að hér væri fólk á öllum aldri. Hvernig gengur fólki á mismunandi aldri að samlagast?

Bjarni: Þeir sem ég þekki voru furðu fljóttir að komast af stað. Það myndast fljótlega góðar bekkjareiningar í hverjum og einum bekk og fólk byrjar snemma að leysa ýmis verkefni og fleira í sameiningu.

Kristján: Þeir sem hafa áhuga á að mennta sig standa sig vel. Fólk verður að gera sér grein fyrir því að þetta er erfitt nám en þeir sem bjuggust við að þetta yrði létt eiga það til að hætta eftir tvær vikur.

Hver er munurinn á fullorðnum námsmönnum og námsmönnum á unglingsaldri að ykkar mati?

Bjarni: Að mínu mati er munurinn mikill. Svo að ég nefni sjálfan mig sem dæmi átti ég alltaf erfitt með að ákveða hvað ég vildi læra í framhaldsskóla og var það eins með marga sem ég þekkti og það gerði námið oft lítið spennandi. Eftir því sem maður eldist og þroskast gerir maður sér betur grein fyrir mikilvægi þess að mennta sig og sjálfkrafa fer maður að líta á námið af meiri alvöru.

Nú hljóta það að vera talsverð viðbrögð fyrir fólk sem hefur verið lengi á vinnumarkaði og tamið sér ákveðinn lífsstíl að setjast aftur á skólabekk. Hvernig er fjárhagurinn?

Bjarni: Fólk þarf að búa sig undir það að vera frá vinnu eins og í öðru námi en það er mikill kostur að fullt nám er láns hæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna.

Kristján: Nám á frumgreinasviði er lánshæft en það er ekki hægt að leyfa sér margt með því.

Hvernig hefur ykkur líkað vistin á frumgreinasviði?

Bjarni: Mér hefur líkað vistin mjög vel og hér ríkir mjög gott andrúmsloft. Kennararnir eru mjög góðir og aðgengilegir, námið hnitmiðað og einn besti undirbúningur undir tækni- eða verkfræði að mínu mati. Það kom þó nokkuð á óvart hversu mikil vinna þetta er en hún er nauðsynleg vegna áframhaldandi náms í háskóladeildum.

Kristján: Bekkjarkerfi er á frumgreinasviði og heimastofur en það er svakalegur kostur að hafa alltaf sömu stofuna. Þar getur maður reiknað fram eftir kvöldi og haft allt sitt dót. Síðan er gott aðgengi að frábærum kennurum sem kenna við frumgreinasvið.

Hvernig teljið þið að námið á frumgreinasviði nýtist í framtíðinni?

Bjarni: Námsgreinararnar munu flestar nýtast á einn eða annan hátt en höfuð-áherslan er náttúrlega lögð á raungreinar sem er mjög gott upp á nám í tækni- og verkfræði.

Kristján: Ég tel að námið í heild muni

„Hér er fullorðið og þroskað fólk“



„Margir ætla í tæknifræði“

gefa mér góðan grunn fyrir framtíðarnám.

Hvernig er búið að ykkur í skólanum?

Bjarni: Einn af aðalkostum við frumgreinasviðið tel ég vera svokallaðar heimastofur en hver bekkur er með sína stofu og hefur aðgang að henni nánast allan sólarhringinn. Það gerir það að verkum að maður vinnur nánast alla heimavinnu í skólanum og er með allt sitt dót þar og þarf því ekki að ferðast með bækur og fleira.

Kristján: Aðbúnaður er góður og mikið gert til að nemendum líði sem best.



Fréttablað Samtaka iðnaðarins
5. tbl. 12. árg. Maí 2006
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðju: 19.05.2006
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Plastpökkun: Iðjuberg
Ljósmyndir: Jóhannes Long, Odd Stefán, RAX

Útgefandi: Samtök iðnaðarins
Borgartúni 35, 105 Reykjavík
Sími: 591 0100, fax: 591 0101
Kennitala: 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is
Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson
Ritstjóri: Haraldur D. Nelson
Efnisstjórn og umbrot: Þóra Ólafsdóttir
Málfarsráðgjöf: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota rit að efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.

Hverjar eru framtíðaráætlanir ykkar?

Bjarni: Ég stefni á að fara í iðnaðarverkfræði í haust við skólann. Mig langar að bæta við að á hverri önn eru kynningar fyrir nemendur á frumgreinasviði á tækni- og verkfræðideild og þá gefst gott tækifæri til að spjalla við nemendur í tækni- og verkfræðideild og fá stutta kynningu á því námi sem þar er í boði.

Kristján: Ég stefni á sama nám en áherslan í iðnaðarverkfræði er á há-

„Sterkur bekkjarandi“

tækni. Rétt er að nefna að það er mjög misjafnt í hvaða nám bekkjarfélagarnir stefna. Margir ætla í tæknifræði en það er hægt að stunda nám í byggingarrafmagns- og véltæknifræði við skólann. Síðan ætla aðrir í verkfræðigreinar en í HR er boðið nám í fjármálaverkfræði, heilbrigðisverkfræði, hugbúnaðarverkfræði og rekstrarverkfræði fyrir utan iðnaðarverkfræði. Auk þess er boðið upp á nám í tölvunarfræði og iðnfræði. Allar þessar leiðir henta iðnlærðu fólki vel.

Eigið þið einhver áhugamál?

Bjarni: Aðaláhugamál mitt er fjallamennska, klifur og ferðalög. Ekki er mikill tími yfir veturinn fyrir áhugamálin en maður vinnur það upp þegar skóla lýkur að vori.

Kristján: Námið gefur lítinn tíma til áhugamála en þegar ég get stunda ég

„Námið er ögrandi og erfitt. Þeir sem hafa áhuga standa sig vel“

alls konar útvist helst er þó skyttirí, fjallgöngur og veiði.

Er góður andi í bekknum ykkar og hafið þið einhvern tíma fyrir félagslífið?

Bjarni: Það myndast mjög fljótlega sterkar bekkjareiningar og bekkirnir eru oft duglegir við að gera sér glaðan dag en stúdentafélagið stendur einnig fyrir fjölmörgum uppákomum. Annars er félagslífið undir hverjum og einum komið því það er ekkert eitt félag fyrir nemendur við frumgreinasviðið heldur hafa þeir aðgang að nokkrum undirfélögum stúdentafélags Háskólans í Reykjavík.

Kristján: Bekkjarandinn er góður og þeir sem hafa áhuga á koma sér saman um sameiginlegar uppákomur og förum við þá yfirleitt út að borða eða á djamm-ið.

Nú eru sjálfsagt einhverjir í þeim sporum að langa í nám en halda að þeir geti ekki lært lengur eða séu orðnir of gamlir. Er eitthvað að lokum sem þið getið sagt við þetta fólk?

Bjarni: Eins og ég nefndi fyrr þá er fólk á öllum aldri í deildinni og ég held að meðalaldurinn sé 27 ár á þessari önn. Hér er því fullorðið og þroskað fólk. Fólk sem hefur verið lengi í atvinnulífinu hefur aðra sýn og það er virt. Umræður í bekknum taka líka mið af þessu og andrúmsloftið verður öðru vísi heldur en þar sem allir eru á sama aldri.

Kristján: Sumir telja sig vera of gamla til að fara í nám en það hefur sýnt sig að þeir sem hafa áhuga þeim gengur vel og hafa gaman af. Ég skil að sumir séu hræddir við að byrja af ötta við að vera elstir í bekknum en það þarf alltaf einhver að vera elstur og maður á bara að vera stoltur af að vera elstur í sínum hóp. Í bekknum er fólk sem komið er yfir tvítugt en allir eru komnir til að læra og það er aðalmunur á þessu námi og öðru að hér eru fáir sem koma bara til að vera. Ef einhver er hræddur um að standa sig illa í einhverju fagi þá vil ég segja þetta: Ef til vill gengur þér misvel í greinunum því að um ný viðfangsefni er að ræða og það er hluti af því sem gerir námið skemmtilegt. Þú glímir við ögrandi nám sem býr þig vel undir framtíðina. Því eru það mín orð til þín, kæri lesandi. Komdu á frumgreinasvið og sýndu hvað þú getur frekar en að hugsa um það næstu ár hvað þú hefur getað gert. Framtíðin er þín. Nýttu þér það.

Augnablik til framtíðar

Vel heppnuð 80 ára afmælis dagskrá Ljósmyndarafélags Íslands

Ljósmyndarafélag Íslands fagnaði 80 ára afmæli sínu á Grand Hótel 13. og 14. maí síðastliðinn. Meðal annars var haldin fagstefna undir heitinu „Augnablik til framtíðar“. Á henni komu fram þekktir ljósmyndarar frá ýmsum löndum sem sýndu og sögðu frá myndum sínum. Erlendu ljósmyndararnir eru allir með ólíkar áherslur og stíl en þeir eru Pia Sönströd portrettljósmyndari frá Noregi, Michele Clement auglýsinga- og iðnaðarljósmyndari frá San Francisco í Bandaríkjunum og landi hennar Christopher Morris fréttaljósmyndari.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, heiðraði afmælishátíðina með nærveru sinni. Í tengslum við afmælið kom út vegleg bók með yfirlitsmyndum félagsmanna og veitti Ólafur henni viðtöku. Ólafur heiðraði einnig Jóhönnu Sigurjónsdóttur fyrir gott og langt starf sem ljósmyndari.

Á myndasýningu frá Hasselblad komu 20 íslenskir ljósmyndarar við sögu og voru myndirnar sýndar á breiðtjaldi. Þá var samstarfsverkefni Eimskipafélags Íslands og Ljósmyndarafélagsins um ljósmyndasamkeppni vegna dagatala Eimskips kynnt. Þá kynnti Iðnskólinn í Reykjavík nám í ljósmyndun og sölu- og þjónustuaðilar, s.s. Apple, Canon og Beco, kynntu myndavélar og tengdan búnað.



LJÓSMYNDARAFÉLAG ÍSLANDS



Jóhanna Sigurjónsdóttir, Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands og Gunnar Leifur Jónasson formaður



Nánari upplýsingar veita Gunnar Leifur Jónasson í síma 897 0644 og Lárus Karl Ingason í síma 893 5664.



Christopher Morris



Michele Clement



Pia Sönströd og Ketil



Úrslit í fagkeppni Meistarafélags kjötiðnaðarmanna

Fagkeppni Meistarafélags kjötiðnaðarmanna var haldin í tengslum við Mat 2006. Keppnin fór þannig fram að kjötiðnaðarmenn sendu inn vörur, nafnlaust og valinkunnur hópur fagmanna dæmdi þær eftir fyrirfram settum reglum. Í ár bárust keppninni 123 vörur frá 23 kjötiðnaðarmönnum.

Kjötmeistari Íslands

Titillinn „Kjötmeistari Íslands“ hlýtur sá kjötiðnaðarmaður sem fær flest stig samanlagt úr sex stigahæstu vörum sínum en hverjum keppanda er heimilt að senda 10 vörur til keppni. Þann titil hlaut Helgi Jóhannsson, Kjarnafæði, en vörur hans fengu 287 stig af 300 stigum mögulegum sem er frábær árangur.

Athyglisverðasta nýjungin

Athyglisverðasta nýjung keppinnar var valin Saltkjöt og baunir frá Antoni S. Hartmannssyni, KRÁS ehf. Sigurvaran er



einstök útgáfa á einum þjóðlegasta rétti Íslendinga sem opnar alveg nýja möguleika fyrir þennan þjóðlega rétt.

Aðrir verðlaunahafar voru Sigurður Árni Geirsson, Sláturfélagi Suðurlands, fyrir besta áleggið úr nautakjöti, G. Þorri Helgason, Fjallalambi, fyrir flest stig fyrir innsendar vörur úr lambkjöti, Gísli Stefánsson, Sólfugli ehf., fyrir bestu vöruna úr alifuglakjöti, Stefán E. Jónsson, Kjarnafæði, fyrir bestu vöruna úr svínakjöti og bestu hráverkuðu vöruna, Jón Þorsteinsson, Sláturfélagi Suðurlands, fyrir bestu vöruna úr hrossa- eða folaldakjöti en hann hlaut einnig verðlaun fyrir bestu kæfuna.

Samtök iðnaðarins óska kjötiðnaðarmönnum til hamingju með glæsilega keppni og frábæran árangur.

Opinber innkaup og nýsköpun

Í framhaldi af opinberri umræðu, sem spannst út frá því að ákveðið var að fara með varðskipin til endurnýjunar í Póllandi, var á haustdögum 2005 settur á fót fjögurra manna viðræðuhópur Samtaka iðnaðarins og Ríkiskaupa. Kristrún Heimisdóttir og Ingólfur Sverrisson voru fulltrúar SI í hópnum og Júlíus S. Ólafsson og Guðmundur Hannesson frá Ríkiskaupum. Hópnum var ætlað að ræða nýjungar í innkaupastefnu ríkisins þar sem skoðað yrði sérstaklega hver þróunin hefði verið á Evrópuvettvangi í þá átt að beita innkaupastefnu hins opinbera í löndunum til að stuðla að þróun og nýsköpun í atvinnulífinu.

Grunur lék á að við hefðum ekki fylgst nógulega vel með í þessum efnum og hafa Samtök iðnaðarins oft bent á hin síðari árin að hér virtust ríkja önnur og stífari viðhorf í þessum efnum en annars staðar á Evrópusvæðinu. Í því sambandi var bent á að þar hefði verið mótað e.k. „svigrúm“ í opinberum innkaupum þar sem horft væri til fleiri þátta en lægsta verðs. Innkaupastefnan væri m.ö.o. tengd þeirri atvinnupólítísku stefnu sem fylgt væri í hverju landi án þess að brjóta þær meginreglur sem samkomulag væri um á Evrópusvæðinu. Þess vegna var eðlilegt að SI og fulltrúar Ríkiskaupa skoðuðu þessi mál út í hörgul og stefndu að því að móta sameiginlegar tillögur um hvernig hægt væri að taka á þeim hér á landi.

Svigrúm staðfest

Viðræðuhópurinn aflaði viðamikilla gagna og kom oft saman til að skoða þau og ræða.

Í ljós kom að tilskipanir Evrópusambandsins á sviði opinberra innkaupa eru rammatilskipanir en ekki samræmdar reglur. Þessar tilskipanir veita aðildarríkjum á EES-svæðinu svigrúm til að lögfasta eigin innkaupastefnu með viðbótareglum sem geta gengið lengra en EES-reglur taka til. Þetta hafa margar ríkisstjórnir á svæðinu nýtt sér til hins ítrasta og mótað sameiginlega stefnu með atvinnulífi viðkomandi lands um aðferðir við innkaup sem stuðla að nýsköpun og um leið að betri þjónustu við innkaupaaðila.

Slík sameiginleg stefna felur í sér stuðning við rannsóknir, þróun og nýsköpun en er jafnframt innan þess



ramma sem kölluð hafa verið „upplýst innkaup.“ Slík innkaup einkennast af því að val tilboða er byggt á sanngjörnu og hlutlægu mati, að útboð séu gegnsæ, innkaupaaðferðir skilvirkar og rökstuðningur allra ákvarðana skýr. Þetta eru oft kölluð „hrein útboð.“ Þau eru andstæða þeirra útboða sem nefnd hafa verið „spillt útboð“ þar sem bjóðendum er hyglað með óeðlilegum hætti. Allt slíkt brýtur gegn lögum og reglum og getur hreinlega verið refsivert. Því er nauðsynlegt að hafa skýrar línur í þessum efnum; hvað er leyfilegt að ganga langt til að nýta opinber innkaup til að stuðla að iðnþróun og nýsköpun og hvað er ekki leyfilegt.

Ríkisvaldið gefur tóninn

Í niðurstöðum sínum bendir viðræðuhópurinn á að því aðeins sé hægt að feta þennan stíg, eins og aðrar þjóðir gera, að tryggður sé pólitískur stuðningur ríkisstjórnar og Alþingis með endurskoðun innkaupastefnu ríkisins fyrir næstu ár og einnig með endur-

skaðun laga um opinber innkaup. Hér þyrfti m.ö.o. að móta pólitíska, eða atvinnupólítíska, stefnu sem síðan verði unnið eftir.

Í þessu samhengi er vert að benda á nýlegar tillögur Vísinda- og tækniráðs þar sem hlutaðeigandi ríkisaðilar eru „hvattir til að skoða hvernig beita megi samstarfsútböðum til að örva þróunarstarfsemi og nýsköpun í atvinnulífinu.“

Aðgerðir

Viðræðuhópur SI og Ríkiskaupa lagði til í niðurstöðum sínum að þeir sem málið varðar komi saman og skilgreini þann árangur, forsendur og áhersluverkefni sem vinna þarf að á næstunni til að unnt verði að taka ákvörðun um hugsanlegt samstarf í þessum efnum.

Í því sambandi stakk hópurinn upp á að nýtt verði mjög góð reynsla af „samstarfsvettvöngum“ eins og Samstarfsvettvangi iðnaðar og sjávarútvegs og Heilbrigðistæknivettvangnum. Báðir hafa þeir náð miklum árangri og unnið að fjölþættum viðfangsefnum sem styrkt hafa viðkomandi greinar og bætt þjónustu þeirra.

Því er lagt til að stofnað verði til slíks vettvangs sem kalla mætti Samstarfsvettvang um opinber innkaup. Þá hefur viðræðuhópurinn skilgreint ýmis verkefni sem vinna má að á þessum nýja vettvangi. Eflaust mun fleira bætast við þegar sameiginleg stefnumótun liggur fyrir en hún er auðvitað forsenda þess að markmiðunum um samþættingu innkaupa- og nýsköpunarstefnu verði náð.

Jákvæð viðbrögð

Um þessar mundir er skýrsla viðræðuhóps Samtaka iðnaðarins og Ríkiskaupa og tillögur um aðgerðir til skoðunnar í fjármálaráðuneytinu og iðnaðarráðuneytinu. Viðbrögð ráðuneytanna skipta sköpum um hvort hið góða starf viðræðuhópsins, og þær tillögur sem hann leggur fram, verði til þess að umbreyting verði á innkaupastefnu hins opinbera í þá átt að hún stuðli að eflingu nýsköpunar á Íslandi. Með því yrði loks genginn sami vegur og aðrar þjóðir feta á meginlandinu.

Sameiginleg niðurstaða Samtaka iðnaðarins og Ríkiskaupa ætti að vera gott veganesti fyrir stjórnvöld til að taka af skarið.

Ingólfur Sverrisson

Tillögur um nýtt fyrirkomulag vinnustaðakennslu



Samtök iðnaðarins hafa á undanförunum árum beitt sér fyrir því að kennsla á vinnustað sé metin til jafns við kennslu í skóla, að nemendum sé tryggð jafn góð kennsla þar og í skólum. SI vilja að framlag fyrirtækja til vinnustaðakennslu sé metið að verðleikum.

Nýverið skilaði sérstakur starfshópur um vinnustaðakennslu, sem skipaður er af menntamálaráðherra, niðurstöðum. Í honum eiga sæti fulltrúar SA/SI, ASÍ, iðnaðarráðuneytis, fjármálaráðuneytis og menntamálaráðuneytis. Um megintillögur sínar segir hópurinn svo í lokaskýrslu:

„Starfshópur sem menntamálaráðherra skipaði til þess að fjalla um æskilegt fyrirkomulag vinnustaðanáms til fram-búðar setur með skýrslu þessari fram eftirfarandi tillögur um breytingar er varða vinnustaðanám á framhaldsskólastigi:

1. Reglur um vinnustaðanám, sem setja á skv. 32. gr. framhaldsskólalaga, verði hluti af aðalnámskrá framhaldsskóla með jafnt vægi og aðrir þættir námskráa í starfsnámi. Slíkar reglur hafa ekki verið settar þrátt fyrir ákvæði téðrar lagagreinar þar að lútandi.
2. Kostnaður fyrirtækja vegna kennslu nemenda á vinnustað verði jafnaður.
3. Komið verði á laggirnar Starfsnáms-sjóði er sér um að jafna kostnaði milli fyrirtækja sem taka nemendur í starfsþjálfun.

Samtök iðnaðarins binda vonir við að stjórnvöld komi til móts við brýnar þarfir atvinnulífsins fyrir nýtt fyrirkomulag vinnustaðakennslu.

Nýtt fyrirkomulag þarf að fela eftirfarandi í sér:

- Stofnaður verði Starfsnáms sjóður sem kennslufyrirtæki geta sótt fjármagn til.
- Stjórnvöld og eftir atvikum atvinnulíf, en ekki einstök fyrirtæki, standi að fjármögnun á vinnustaðakennslu.

Ávinningur af nýju fyrirkomulagi er m.a. þessi:

- Til verða kennslufyrirtæki sem hafa umboð og aðföng til að starfa sem slík.
- Kennslufyrirtæki fái greitt fyrir nema.
- Tryggt er að nemendur fái viðeigandi kennslu á vinnustöðum en eru ekki nýttir sem ódyrt vinnuafli.
- Fjármunir, sem varið er til vinnustaðakennslu, verða sýnilegir. Ljóst er hvaða gæði eru að fást fyrir fjármagn.

Ingi Bogi Bogason



Úrslit Nemakeppni Kornax í brauðbakstri 2006

Keppnin var haldin í Hótel- og matvælas skólanum í Kópavogi í lok mars. Markmiðið með keppninni er að efla faglegan metnað í bakaraiðn og hvetja bakaraneina til nýsköpunar og til að temja sér öguð vinnubrögð. Keppnin hefur verið haldin árlega frá árinu 1998 og að henni standa Hótel- og matvælas skólinn í Kópavogi, Lands samband bakarameistara, Klúbbur bakarameistara og Kornax sem er aðalstuðningsaðili keppinnar.

Að þessu sinni kepptu fjórir neman til úrslita, þeir Brynjar Þór Guðmundsson, Bakaríinu Blönduósi, Davíð Egilsson, Mosfellsbakaríi, Davíð Magnússon, Sandholti og Ragnar Th. Atlason, Bakaranum á hjólinu.

Allir þátttakendur stóðu sig með mikilli þryði og lögðu mikinn metnað í verk sín. Eins og í annarri keppni er bara einn sigurvegari og að þessu sinni bar Ragnar Th. Atlason sigur úr býtum. Í verðlaun hlýtur hann námsferð til Danmerkur í boði Kornax, eignarbikar frá Kornaxi og farandbikar frá Klúbbi bakarameistara. Í öðru sæti varð Davíð Magnússon en Brynjar Þór Guðmundsson og Davíð Egilsson deildu þriðja sætinu. Allir þátttakendur fengu viðurkenningarskjal frá Kornaxi, verðlaunapening frá Klúbbi bakarameistara og blómvönd frá Lands sambandi bakarameistara. Samtök iðnaðarins óska öllum keppendum til hamingju með frábæran árangur.

Að lokinni afhendingu verðlauna bauð Kornax keppendum, aðstandendum þeirra og starfsmönnum bakaríanna til mót-töku.

Að keppni lokinni var afurðum hennar stillt út á sýningar svæði Matar 2006 í Fífunni til þess að gestir sýningarinnar gætu virt verk nemanna fyrir sér um helgina.

Framleiðni efst á baugi

Á aðalfundi MÁLMS - samtaka fyrir-tækja í málm- og skipaiðnaði, voru kynntar niðurstöður úr framleiðniverkefni sem félagið hefur gengist fyrir í samstarfi við Samtök iðnaðarins og Fræðslumiðstöð málmíðnaðarins. Afrakstur verkefnisins eru nýjar og aðgengilegar aðferðir til að taka á framleiðni- og gæðamálum í fyrirtækjunum sem kynntar voru á fundinum og getið er um hér í þessu blaði (sjá bls. 8).

Í stefnumótun Málms frá 2004 er talið algjört forgangsverkefni að vinna að aukinni framleiðni í greininni. Afrakstur framangreinds verkefnis er að nú er hægt að bjóða fyrirtækjum í greininni raunhæfar og áfangaskiptar aðgerðir sem færa þau nær því að auka framleiðni og bæta gæði framleiðslu og þjónustu.

Stjórn MÁLMS skipa nú:

Brynjar Haraldsson, formaður, Bolli Árnason, varaformaður, Jón Dan Jóhannsson, ritari og Stefán Sigurðsson, gjaldkeri. Aðrir stjórnarmenn eru: Bjarni Thoroddsen, Gunnar Már Þórðarson, Magnús Aadnegard, Ólafur R. Guðjónsson og Þorvaldur Hallgrímsson.

Blikkgreinin tekur til sinna ráða

Á aðalfundi Félags blikksmiðjueigenda í Ávor var samþykkt að hlaupa undir bagga með ríkissjóði og menntamálaráðuneytinu og lána Borgarholtsskóla fjármuni, allt að einni milljón króna til eins árs, svo að takast megi að hefja blikksmiðakennslu á næstu skólaönn.

Þótt ítarlegar tillögur hafi verið lagðar fyrir menntamálaráðuneytið í lok árs 2004 um aðstöðu og búnað fyrir kennslu ásamt nákvæmri kostnaðaráætlun þá tókst ráðuneytinu ekki - eða gerði ekkert til þess - að afla þeirra fjármuna sem til þurfti. Þetta gerðist þó að ráðuneytið hefði lýst sérstöku lofsorði á allan undirbúning þessa máls af hálfu skólans og ráðgjafanefndar í blikksmiði. Þegar svo fór að líða á síðasta ár og ekkert bólaði á fjármunum til að hrinda áætluninni í framkvæmd fór að gæta mikillar óþolinmæði hjá Félagi blikksmiðjueigenda. Var þá ráðuneytið hreinlega spurt hvort því væri alvara með að taka á málinu; eða hvort það teldi nóg að klappa góðlátlega á koll þeirra sem höfðu undirbúið málið og láta þar við sitja.

Kom þá í ljós að ekkert hafði verið gert til að tryggja þá fjármuni sem til þurfti en lofað að vinda bráðan bug að því við undirbúning fjárlaga ársins 2007!

Voru nú góð ráð dýr. Mikil þörf var að koma blikksmiðadeildinni hið snarasta í gang en skólinn ekki með fjármuni til að ljúka verkinu þrátt fyrir góðan vilja. Eftir sem áður ákvað stjórn skólans að skrapa saman þá fjármuni sem hægt var að finna innan skólans til verksins en það dugði ekki til. Þegar aðalfundi Félags blikksmiðjueigenda var gerð grein fyrir þessari stöðu var framangreind tillaga samþykkt. Það má því ætla að takmarkið, um að blikksmiðakennsla hefjist við BHS, rætist nú á haustdögum - ekki vegna rösklegrar framgöngu mennta- og fjármálayfirvalda heldur þrátt fyrir hið gagnstæða.

Á aðalfundi FBE var gerð sérstök grein fyrir framleiðniátaki í málmíðnaði og sýndu fundarmenn því mikinn áhuga.

Núverandi stjórn Félags blikksmiðjueigenda er þannig skipuð:

Þröstur Hafsteinnsson, formaður, Þorsteinn Ögmundsson, varaformaður, Ómar Einarsson, ritari og Bjargmundur Björgvinsson, gjaldkeri. Aðrir stjórnarmenn eru: Jóhann Helgason, Karl Rosenkjær og Sævar Kristjánsson

Námsefnisstyrkur SI

Fyrsti umsóknarfrestur 31. maí

Fyrir á árinu auglýstu Samtök iðnaðarins eftir umsóknum um styrki til útgáfu á námsefni í iðngreinum og öðrum greinum sem varða iðnað. Fyrsta umsóknarhrina verður gerð upp í lok maí og verður fyrstu styrkjum úthlutað í júní. Umsóknir í fyrstu úthlutun þurfa að hafa borist Samtökum iðnaðarins, Borgartúni 35, fyrir 31. maí.

Skilyrði fyrir styrkveitingu eru eftirfarandi:

- Fyrir liggja skuldbinding um heildarframvindu verkefnis.
- Verkefnið svari raunverulegri þörf fyrir náms- eða kennsluefni.
- Verkefnið sé unnið í samvinnu við þá, sem málið varðar, s.s. skóla, féлага og fyrirtækja.
- Aðrir en Samtök iðnaðarins fjármagni verkefnið a.m.k. að hálfu.
- Þeir sem vinna verkefnið hafi reynslu og þekkingu á viðkomandi sviði.
- Tryggt skal að námsefnið nýtist til kennslu í skólum og á vinnustöðum.

- Styrkur er greiddur eftir því sem verki vindur fram.

Í umsókn komi eftirtalið fram:

Lýsing (hámark 100 orð) á verkefni sem styrkja skal.

- Tilgangur og þörf.
- Markhópur.
- Ábyrgðarmaður verkefnis.

Verk- og fjárhagsáætlun

- Þátttakendur í verkefninu. Hlutur hvers, fjárhagslegur og verkefnalegur, tiltekinn.
- Framvindu lýst.
- Fjármögnun.
- Útgefandi.

Frekari upplýsingar gefur Ingi Bogi Bogason, s. 591 0126, 824 6126, ingi.bogi@si.is.

Girnilegt og brakandi gott grillbrauð í allt sumar

í bakaríum innan Landssambands bakameistara

